

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 259/2012

2013/EES/56/58

frá 14. mars 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 648/2004 að því er varðar notkun fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í skýrslu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 4. maí 2007 mat framkvæmdastjórnin, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004⁽³⁾, notkun fosfata í þvotta- og hreinsiefni. Í kjölfar frekari greiningar var komist að þeirri niðurstöðu að takmarka skuli notkun fosfata í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur í því skyni að minnka vægi fosfata úr þvotta- og hreinsiefnum að því er varðar áhættu vegna ofauðgunar og til að minnka kostnað við að fjarlægja fosföt í skólphreinsistöðvum. Þessar kostnaðarlækkningar vege þyngra en kostnaður við nýja samsetningu þvottaefnis fyrir neytendur með öðrum valkostum í stað fosfata.
- 2) Í skilvirkum valkostum í stað þvottaefna, sem eru að stofni til úr fosfötum, fyrir neytendur, þarf að nota lítið magn af öðrum fosfórefnasamböndum, þ.e.a.s. fosfönöt, sem kunna að reynast skaðleg fyrir umhverfið ef þau eru notuð í sífelld meira magni. Þó að mikilvægt sé að hvetja til notkunar á öðrum efnum við framleiðslu á þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur, sem hafa betri áhrif á umhverfið en fosföt og önnur efnasambönd fosförs, ættu

slík efni, við eðlileg notkunarskilyrði, ekki að skapa neina áhættu eða minni áhættu fyrir fólk og eða umhverfið. Því skal nota REACH⁽⁴⁾ kerfið, eftir því sem við á, til að meta slík efni.

- 3) Væxlverkun milli fosfata og annarra fosfórefnasambanda útheimtir að vanda ber mjög valið á umfangi og stigi takmarkana að því er varðar notkun fosfata í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur. Takmarkanirnar skulu ekki einungis gilda um fosföt heldur einnig um öll fosfórefnasambönd í því skyni að koma í veg fyrir að fosfötum verði einfaldlega skipt út fyrir önnur fosfórefnasambönd. Gildi fyrir innihald fosförs skulu vera nægilega lág til þess að koma á skilvirkan hátt í veg fyrir að þvottaefnasamsetningar, sem eru að stofni til úr fosfati, fyrir neytendur séu settar á markað en þó nægilega há til að unnt sé að nota það lágmarksmagn fosfönata sem þörf er á í aðrar samsetningar.

- 4) Sem stendur er ekki rétt að láta takmarkanir á notkun fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur ná til þvotta- og hreinsiefna fyrir atvinnustarfsemi og stofnanir á vettvangi Sambandsins sökum þess að aðrir hentugir valkostir, sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegir í stað notkunar á fosfötum í þessi þvotta- og hreinsiefni, eru enn ekki tiltækir. Að því er varðar uppþvottavélaefni fyrir neytendur er líklegt að aðrir valkostir verði aðgengilegir í náinni framtíð. Því er rétt að kveða á um takmörkun á notkun fosfata í þessi þvottaefni. Slík takmörkun skal gilda frá og með þeim tímapunkti í framtíðinni þegar búist er við að aðrir valkostir í stað fosfata verði aðgengilegir, í því skyni að efla þróun nýrrar vöru. Einnig er rétt að tilgreina leyfilegt hámarksinnihald fosförs á grundvelli upplýsinga, þ.m.t. gildandi landsbundnum takmörkunum á fosförs í uppþvottavélaefni fyrir neytendur. Hins vegar er einnig nauðsynlegt að kveða á um að framkvæmdastjórnin skuli framkvæma nákvæmt mat á viðmiðunarmörkunum á grundvelli nýjustu, fyrirliggjandi gagna áður en þessi takmörkun tekur gildi í gervöllu Sambandinu og, ef slíkt er réttlætjanlegt, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf. Þetta mat skal ná yfir áhrif á umhverfið, iðnaðinn og neytendur af völdum uppþvottavélaefna fyrir neytendur sem innihalda fosförs í magni sem er meira eða minna en viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í VI. viðauka a eða

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútöð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjútöð. ESB L 132, 3.5.2011, bls. 71.

(²) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. desember 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. febrúar 2012.

(³) Stjútöð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjútöð ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

- sem innihalda aðra valkosti, að teknu tilliti til atriða eins og kostnaðar við þau, tiltækileika, hreinsunararkasta og áhrifa á hreinsun skólps.
- 5) Eitt af markmiðunum með þessari reglugerð er að vernda umhverfið með því að draga úr ofauðgun af völdum fosförs í þvottaefnum sem neytendur nota. Af þeim sökum er ekki rétt að neyða aðildarríki, þar sem þegar eru fyrir hendi takmarkanir sem varða fosfór í uppþvottavélaefni fyrir neytendur, til að aðlaga þessar takmarkanir áður en takmarkanir Sambandsins taka gildi. Ennfremur er æskilegt að aðildarríkjum sé heimilt að taka inn í áföngum, svo fljótt sem við verður komið, þær takmarkanir sem settar eru fram í þessari reglugerð.
 - 6) Setja skal skilgreiningu á „hreingerning“ inn í reglugerð (EB) nr. 648/2004 í stað tilvísunar til viðeigandi ISO-staðla til að gera hana læsilegri og einnig skal setja inn skilgreiningar á „þvottaefni fyrir neytendur“ og „uppþvottavélaefni fyrir neytendur“. Ennfremur er rétt að skýra skilgreininguna á „setning á markað“ og að setja inn skilgreiningu á „það að bjóða fram á markaði“.
 - 7) Í því skyni að veita nákvæmar upplýsingar innan stystu mögulegu tímamarka er rétt að færa þá aðferð, sem framkvæmdastjórnin notar til að birta skrár yfir lögbær yfirvöld og samþykktar rannsóknarstofur, til nútímahorfs.
 - 8) Í því skyni að aðlaga reglugerð (EB) nr. 648/2004 að vísinda- og tækniþróunum, innleiða ákvæði um þvotta- og hreinsiefni, sem eru að stofni til leysar, og til að innleiða viðeigandi áhættutengd styrkleikamörk fyrir hvern lyktarofnæmisvald (áður þýtt sem „anganofnæmisvaki“) um sig skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar breytingar á viðaukum við reglugerðina sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þessi markmið. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur. Þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
 - 9) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á reglugerð (EB) nr. 648/2004 og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.
 - 10) Rétt þykir að kveða á um að fresta beitingu þeirra takmarkana sem eru fastsettar í þessari reglugerð til að gera rekstraraðilum, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, kleift að endurblanda þvottaefni, að stofni til úr fosfötum, fyrir neytendur og uppþvottavélaefni fyrir neytendur með öðrum valkostum í venjubundnu endurbliðndunarferli sínu, í því skyni að lágmarka kostnað við það.
 - 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að draga úr vægi fosfata úr þvottaefnum fyrir neytendur að því er varðar áhættu vegna ofauðgunar, minnka kostnað við að fjarlægja fosföt í skólphreinsistöðvum og tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins með þvottaefni fyrir neytendur og með uppþvottavélaefni fyrir neytendur, vegna þess að landsráðstafanir með mismunandi tækniforskriftir geta ekki tryggt heildarútbætur á gæðum vatns sem rennur yfir landamæri og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra í þessari reglugerð en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.
 - 12) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 648/2004 til samræmis við það.
- SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:
- 1. gr.*
- Reglugerð (EB) nr. 648/2004 er hér með breytt sem hér segir:
- 1) Í stað þriðja og fjórða undirliðar í 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi og fimmti undirliður bætist við:
 - „— viðbótarmerkingar þvotta- og hreinsiefna, þ.m.t. lyktarofnæmisvaldar,
 - upplýsinga sem framleiðendur þurfa að hafa tiltækar fyrir lögbær yfirvöld í aðildarríkjum og heilbrigðisstarfsfólk,
 - takmarkana á innihaldi fosfata og annarra fosfórefna-sambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur.“
 - 2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi liður bætist við:

„1a. „Þvottaefni fyrir neytendur“: þvottaefni fyrir þvott, sem er sett á markað til notkunar sem er ekki í atvinnuskyni, þ.m.t. í almenningþvottahúsi með sjálfsafgreiðslu.

- 1b. „Uppþvottavélaefni fyrir neytendur“: Þvottaefni sem er sett á markað til notkunar, sem er ekki í atvinnuskyni, í uppþvottavélar.“
- b) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:
- „3. „Hreingerning“ ferli þar sem óæskilegar útfellingar eru losaðar af undirlagi eða úr því og leystar upp eða þeim dreift.“
- c) Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:
- „9. „Setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins. Innflutningur inn á tollsvæði Sambandsins telst setning á markað.
- 9a. „Að bjóða fram á markaði“ öll afhending til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

Takmarkanir á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda

Þvottaefni, sem eru talin upp í VI. viðauka a, sem eru ekki í samræmi við takmarkanir á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda sem mælt er fyrir um í viðaukanum, skal ekki setja á markað frá og með þeim dagsetningum sem þar koma fram.“

4) Í stað 4. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal gera skrár yfir lögbær yfirvöld, sem getið er um í 1. mgr. og yfir samþykktar rannsóknarstofur, sem getið er um í 2. mgr., aðgengilegar öllum.“

5) Í stað 4. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„4. Auk þess skulu upplýsingarnar, sem kveðið er á um í B-lið VII. viðauka, koma fram á umbúðum þvottaefna fyrir neytendur og uppþvottavélaefna fyrir neytendur.“

6) Í 12. gr. falli 3. mgr. brott.

7) Í stað 13. og 14. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Aðlögun viðauka

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. a, í því skyni að innleiða breytingar sem nauðsynlegar eru til að aðlaga I. til IV. viðauka, VII. og VIII. viðauka að vísindagögn og tækniframförum. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem kostur er, nota Evrópustaðla.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. a, í því skyni að innleiða breytingar á viðaukum þessarar reglugerðar sem varða þvotta- og hreinsiefni sem eru að stofni til leysar.
3. Ef vísindanefndin um öryggi neytenda fastsetur áhættutengd styrkleikamörk fyrir hvern lyktaröfnæmisvald um sig skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. a, í því skyni að aðlaga styrkleikamörkin 0,01%, sem sett eru fram í A-lið VII. viðauka, til samræmis við það.

13. gr. a

Beiting framsalsins

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 13. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 19. apríl 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en 19. júlí 2016. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um önnur fimm ára tímabil, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 13. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

14. gr.

Ákvæði um frjálsan flutning

1. Aðildarríkin skulu ekki, af ástæðum sem fjallað er um í þessari reglugerð, banna, takmarka eða hindra að þvotta- og hreinsiefni og/eða yfirborðsvirk efni fyrir þvotta- og hreinsiefni, sem eru í samræmi við kröfumur í þessari reglugerð, séu boðin fram á markaði.

2. Aðildarríkin geta viðhaldið eða mælt fyrir um landsreglur sem varða takmarkanir á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvotta- og hreinsiefnum sem engar takmarkanir eru settar um að því er varðar innihald í VI. viðauka a, ef það er rökstutt, einkum ef það er á grundvelli t.d. verndunar lýðheilsu eða umhverfisins og ef aðrir kostir sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegir eru tiltækir.

3. Aðildarríkin geta viðhaldið landsreglum, sem voru í gildi 19. mars 2012, sem varða takmarkanir á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvotta- og hreinsiefnum sem takmarkanirnar, sem settar eru fram í VI. viðauka a, gilda enn ekki um. Tilkynda skal framkvæmdastjórninni um slíkar landsráðstafanir sem eru fyrir hendi eigi síðar en 30. september 2012 og þær mega haldast áfram í gildi til þess dags sem takmarkanirnar, sem settar eru fram í VI. viðauka a, taka gildi.

4. Frá og með 19. mars 2012 til 31. desember 2016 geta aðildarríkin samþykkt landsreglur til að framfylgja takmörkunum á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda, sem mælt er fyrir um í 2. lið VI. viðauka a, ef það er rökstutt, einkum ef það er á grundvelli t.d. verndunar lýðheilsu eða umhverfisins og ef aðrir kostir sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegir eru tiltækir. Aðildarríkin skulu tilkynda framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu(*).

5. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir landsráðstafanir, sem um getur í 3. og 4. mgr., aðgengilega öllum.“

(*) Stjóð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

8) Í stað 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að tiltekið þvotta- og hreinsiefni stofni öryggi eða heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í hættu, þrátt fyrir að efnid uppfylli kröfur samkvæmt þessari reglugerð, er því heimilt að gripa til allra viðeigandi bráðabirgðaráðstafana, í réttu hlutfalli við eðli áhættunnar, til að tryggja að viðkomandi þvotta- og hreinsiefni hafi þessa áhættu ekki lengur í för með sér, sé afturkallað af markaði eða innkallað innan hæfilegs tíma eða á annan hátt sett takmörk á tiltækileika þess.

Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.“

9) Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

Skýrsla

1. Eigi síðar en 31. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til upplýsinga frá aðildarríkjunum varðandi innihald fosförs í uppþvottavélaefni fyrir neytendur sem sett er á markað á yfirráðasvæðum þeirra, og í ljósi allra fyrirbyggjandi eða nýrra vísindalegra upplýsinga sem eru henni tiltækar að því er varðar efni sem eru notuð í samsetningar sem innihalda fosfór og í aðrar samsetningar, leggja nákvæmt mat á það hvort breyta skuli takmörkunum sem settar eru fram í 2. lið VI. viðauka a. Í þessu mati skal einnig vera greining á áhrifum á umhverfið, iðnaðinn og neytendur af völdum uppþvottavélaefna fyrir neytendur sem innihalda fosfór í magni sem er meira eða minna en viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í VI. viðauka a, að teknu tilliti til atriða eins og kostnaðar við þau, tiltækileika, hreinsunarafkasta og áhrifa á hreinsun skólps. Framkvæmdastjórnin skal leggja þetta nákvæma mat fyrir Evrópuþingið og ráðið.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli nákvæma matsins sem um getur í 1. mgr., að endurskoða þurfi takmarkanir á fosföt og önnur fosfórefnasambönd, sem eru notuð í uppþvottavélaefni fyrir neytendur, skal hún auk þess, eigi síðar en 1. júlí 2015, leggja fram viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf. Allar slíkar tillögur skulu miða að því að lágmarka neikvæð áhrif af völdum allra uppþvottavélaefna fyrir neytendur á umhverfið í heild en taka jafnframt tillit til hvers kyns efnahagslegs kostnaðar sem er tilgreindur í þessu nákvæma mati. Svo fremi sem Evrópuþingið og ráðið hafa ekki ákveðið annað, á grundvelli slíkrar tillögu, eigi síðar en 31. desember 2016 skulu viðmiðunarmörkin, sem sett eru fram í 2. lið VI. viðauka a, verða viðmiðunarmörk fyrir fosförrinnihald í uppþvottavélaefni fyrir neytendur frá og með dagsetningunni sem sett er fram í þeim lið.“

10) Í stað 18. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Í þessu geta einnig falist viðeigandi ráðstafanir sem gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að koma í veg fyrir að þvotta- og hreinsiefni eða yfirborðsvirk efni, sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð, séu boðin fram á markaði. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynda framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði án tafar og um allar síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

Þessar reglur skulu taka til ráðstafana sem gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að leggja hald á sendingar með þvotta- og hreinsiefnum sem eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.“

11) Textinn í viðaukanum við þessa reglugerð bætist við sem VI. viðauki a við reglugerð (EB) nr. 648/2008.

12) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í A-lið falli eftirfarandi texti brott:

„Ef visindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli setur síðar áhættutengd styrkleikamörk fyrir hvern anganofnæmisvaka um sig skal framkvæmdastjórnin leggja til að þau verði samþykkt í staðinn fyrir styrkleikamörkin 0,01% sem um getur hér að framan. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndar meðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.“

b) Í stað B-liðar komi eftirfarandi:

„B. Merkingar er varða skammastærðir

Eftirfarandi ákvæði gilda um merkingu á umbúðum þvotta- og hreinsiefna sem eru seld almenningi eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr.

Þvottaefni fyrir neytendur

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umbúðum þvotta- og hreinsiefna, sem seld eru almenningi og sem nota á sem taupvottaefni:

- ráðlagt magn og/eða leiðbeiningar um skammta, gefið upp í millilítrum eða grömmum, miðað við staðlaðan þvott í þvottavél, fyrir vatnshörkuflokkana mjúkt vatn, meðalhart vatn og hart vatn og eina eða tvær þvottalotur,
- þegar um er að ræða þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott skal tilgreina hversu marga staðalþvotta með „miðlungi óhreinum“ þvotti og, þegar um er að ræða þvottaefni fyrir viðkvæman þvott, hversu marga staðalþvotta með „litið óhreinum“ þvotti er hægt að þvo í þvottavél með innihaldi þvottavélarmagns í meðalhörðu vatni sem samsvarar 2,5 millimólum CaCO₃/l.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

- tilgreina skal rúmtak skammtamals, ef það fylgir með, í millilítrum eða grömmum og merkja við þvottaefnisksammtinn sem hæfir fyrir staðalþvott í þvottavél fyrir vatnshörkuflokkana mjúkt vatn, meðalhart vatn og hart vatn.

Staðalþvottur í þvottavél er 4,5 kg af þurrum þvotti þegar um er að ræða þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott og 2,5 kg af þurrum þvotti þegar um er að ræða þvottaefni fyrir litið óhreinan þvott eins og í skilgreiningum samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/476/EB frá 10. júní 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir þvottaefni(*). Líta ber á þvottaefni sem þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott nema framleiðandi staðhæfi að það sé sérstaklega „milt“, þ.e. fyrir þvott við lágt hitastig, viðkvæmar tréfar og viðkvæma liti.

Uppþvottavélaefni fyrir neytendur

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umbúðum þvotta- og hreinsiefna, sem seld eru almenningi og sem nota á sem uppþvottavélaefni:

- staðlaður skammtur, gefinn upp í grömmum eða ml eða fjölda taflna fyrir aðalþvottalotu fyrir eðlilega óhreinan borðbúnað í fullhláðinni uppþvottavél fyrir borðbúnað fyrir 12 manns og, ef við á, fyrir mjúkt vatn, meðalhart vatn og hart vatn.“

(*) Stjótið EB L 187, 20.7.1999, bls. 52. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2011/264/ESB (Stjótið ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

N. WAMMEN

VIÐAUKI

„VII. viðauki a

TAKMARKANIR Á INNIHALDI FOSFATA OG ANNARRA FOSFÓREFNASAMBANDA

Þvottaefni	Takmarkanir	Dagsetning sem takmörkunin gildir frá og með
1. Þvottaefni fyrir neytendur	<p>Skal ekki setja á markað ef heildarinnihald fosförs er jafnt eða meira en 0,5 grómm í því magni af þvottaefni sem mælt er með að sé notað í aðalþvottalotu miðað við staðlaðan þvott í þvottavél, eins og skilgreint er í B-lið VII. viðauka, með hörðu vatni,</p> <ul style="list-style-type: none"> — fyrir „eðlilega óhreint“ efni ef um er að ræða þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott, — fyrir „lítið óhreint“ efni ef um er að ræða þvottaefni fyrir viðkvæmt efni, 	30. júní 2013
2. Uppþvottavélaefni fyrir neytendur	Skal ekki setja á markað ef heildarinnihald fosförs er jafnt eða meira en 0,3 grómm í stöðluðum skammti eins og skilgreint er í B-lið VII. viðauka	1. janúar 2017